

Fundarnúmer:	550
Dagsetning:	21.07.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

550. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 21. júlí 2008 kl. 10:00 í fundarsal að Hvammstangabraut 5. Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Samband ísl. Sveitarf. Starfsmannamál í leikskólum.
2. Áfangaskýrsla frá Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.
3. Bréf frá Þorbjörgu Sigurbjartsdóttur dags. 10.07. 2008
4. Fundargerð skipulags-og umhverfisráðs nr.149
5. Undirskriftarlisti/ sendandi Harpa Lind.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram til kynningar erindi Sambands ísl. sveitarfélaga, varðandi starfsmannamál í leikskólum.
2. Lögð fram til kynningar áfangaskýrsla frá Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Mat á breytingum á nýskipan lögreglu. Byggðarráð ítrekar óskir sínar um aukna viðveru og sýnilegri lögreglu í Húnaþingi vestra.
3. Lagt fram bréf frá Þorbjörgu Sigurbjartsdóttur dags. 10.07.2008, þar sem hún óskar eftir lagfæringu á sólpalli að Fífusundi 3 og einnig eftir upplýsingum um hvað sé eðlilegt að langur tími líði áður en erindum er svarað þar sem hún hafi sent inn beiðni um lagfæringu 25. maí s.l. Skv upplýsingum frá forstöðumanni tæknideildar hefur farið fram skoðun á pallinum, þar sem fram kom að hann þarfnast viðgerðar. Byggðarráð samþykkir að láta gera við sólpallinn og skv. stjórnarsýslulögum skulu svör við erindum hafa borist í síðasta lagi innan 45 daga.
4. Lögð fram fundargerð 149. fundar skipulags- og umhverfisráðs frá 16. júlí 2008. Fundargerðin er í tveimur liðum. Borinn upp fyrri liður fundargerðarinnar. Liðurinn samþykktur. Raket Runólfsdóttir situr hjá við afgreiðslu fyrri liðar vegna vanhæfis. Borinn upp seinni liður fundargerðarinnar. Seinni liður samþykktur.
5. Lagður fram undirskriftalisti 47 íbúa þar sem þeir koma á framfæri í fyrsta lagi þeirri skoðun að þeir eru sáttir við að mjólkurstöðvartúnið sé nýtt til íþróttaræfinga og útivistar. Einnig að undirritaðir hafi ekki komið að kvörtunum vegna væntanlegs hávaða sem kæmi til með að verða af æfingum á túninu. Í öðru lagi er gerð sú krafa að sveitarfélagið hlutist til um að allur hrað- og ofsaakstur innan bæjar verði stöðvaður. Byggðarráð vekur athygli undirritaðra á að skipulagt íþróttaræfingasvæði er í Kirkjuhvammi og sparkvöllur í þorpínu þar sem eðlilegt er að fram fari skipulagðar íþróttaræfingar. Vegna hrað- og ofsaaksturs í þorpínu tekur byggðarráð undir áhyggjur undirritaðra og munu sveitarstjórn, starfsmenn og skipulags- og umhverfisráð halda áfram þeirri baráttu sem verið hefur s.s. með skipulagi gatna er tekur niður hraða, ítreka óskir um hraðamælingar og sýnilegri löggæslu. Stefán situr hjá við afgreiðslu fyrri hluta þessa liðar.
Samþykkt að taka á dagskrá.
6. Lagt fram aðalfundarboð Strandbæjar ehf. vegna áranna 2006 og 2007 sem haldinn verður 28. júlí 2008 kl. 17:00. Samþykkt að oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum
7. Lagt fram eftirfarandi bréf frá Ágústi F. Jakobssyni dags 17. júlí 2008. Beiðni um lausn frá sveitarstjórnarstörfum. Vegna fyrirhugaðs brottflutnings undirritaðs úr héraðinu óska ég hér með eftir lausn frá störfum í sveitarstjórn Húnaþings vestra sbr. 39. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir beiðnina.
8. Lagt fram bréf frá skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra um starfsmannamál dags. 17. júlí 2008. Í bréfinu kemur fram að eftirtaldir starfsmenn hafa sagt upp störfum sínum við grunnskólann: Andrea Björnsdóttir og Krístrún Þorsteinsdóttir. Gunnar Kristófersson

óskar eftir starfslokum vegna aldurs í haust. Guðfinna Kristín Ólafsdóttir óskar eftir að fá launalaust leyfi í eitt ár frá 1. ágúst 2008. Byggðarráð þakkar Andreu, Kristrúnu og Gunnari fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins og samþykkir að Guðfinna Kristín fái launalaust leyfi í eitt ár.

9. Lagt fram bréf frá Ágústi F. Jakobssyni skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra dags. 3. júlí 2008 þar sem hann segir starfi sínu lausu. Byggðarráð þakkar Ágústi fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:45

Elín R. Líndal(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),
Rakel Runólfsdóttir(sign.), Stefán Böðvarsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).